

Nr. 073 / 13 Sölvi BA 19**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6369
Smíðaður: Vestmannaeyjar 1983, plast
Stærð: 3,29 brl. 5,51 bt.
Mesta lengd: 8,69 m Skráð lengd: 8,64 m
Breidd: 2,38 m Dýpt: 0,86 m
Vél: Perkins 54 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 1



Sölvi©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. júní 2013 var Sölvi BA 19 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: Andvari

Á veiðunum bilaði startari þegar skipstjóri ætlaði að kippa á veiðislóðinni og óskaði hann eftir aðstoð. Á meðan hann beið eftir aðstoð lét hann drekann falla. Þegar Kári BA 132 hafði lokið veiðum kom hann og dró Sölvu til hafnar á Bíldudal.

Við rannsókn kom fram:

- að startarinn hafði bilað áður en var kominn úr viðgerð (mál. 056/13) þegar þetta atvik átti sér stað;
- að sögn skipstjóra hafði startarinn verið pantaður fyrir þessa vél en þegar betur var að gáð vegna tíðra bilana kom í ljós að tannkransar vélar og startara voru of nálægt hvor öðrum svo startarinn snerist með vélinni. Til að fyrirbyggja þetta setti skipstjóri 4 mm millilegg undir startarasætið á vélinni.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar má rekja til þess að startarinn passaði ekki við vélina.